

Brjef landshöfðingja til yfirkennara Halldórs Friðrikssonar um borgun fyrir 9
 próf í íslenzku. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. ritað mjer þannig: 8. febr.

„Í þóknanlegu brjefi 7. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort borga megi Halldóri yfirkennara Friðrikssyni úr jarðabókarsjóði Íslands hina venjulegu 50 króna þóknun fyrir að halda próf það, sem fyrirskipað er að þeir, sem sækja um embætti á Íslandi en ekki eru Íslendingar, leysi af hendi; hafði nefndur yfirkennari farið þessa á leit út af prófi því í íslenzku, er hann hafði haldið yfir G. Schierbeck, sem seinna hefir verið settur landlæknir.

Um þetta málefni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum, að þar sem hið síðasta alþingi, er það ræddi frumvarp til reikningslaga fyrir 1878 og 1879, hefir vakið mótmæli gegn því, að þess konar gjald sje greitt úr landssjóði, verð jeg að ætla rjettast vera, að um greiðslu þessa gjalds sje höfð sama aðferð, eins og átti sjer stað við þau 2 próf, sem haldin voru hjer yfir hlutaðeiganda, það er að segja, að sá greiði gjaldið sem prófaður er“.

Þetta vil jeg tjá yður, herra yfirkennari, yður til leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um vorpróf í lærða skólanum 1882. 10
 — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. ritað mjer þannig: 8. febr.

„Með þóknanlegu brjefi 2. október þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað danska útleggingu af erindi frá stiptysfirvöldum Íslands, þar sem þau leita samþykkis til þess, að þau vegna mislingaveiki þeirrar, er gekk í Reykjavík síðastliðið vor og fyrri hluta sumarsins, hafa fallizt á, að brugðið væri á þessu ári út af fyrirmælum reglugjörðar hins lærða skóla í Reykjavík í 9. og 10. gr. um aðalpróf, á þann hátt, sem nákvæmar er skýrt frá í erindi stiptysfirvaldanna.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að ráðstöfun sú, sem stiptysfirvöldin þannig hafa fallizt á, er hjer með samþykkt“.

Þetta tjái jeg yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um lán til að 11
 kaupa slökkvitól handa Ísafjarðarkaupstað. — Í tilefni af beiðni bæjarstjórnarinnar á 10. febr. Ísafirði, sem frá er skýrt í brjefi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. des. f. á., læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, sjálfum yður til athugunar og til frekari auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg hjer með veiti samþykki til þess, að tekið verði lán handa bæjarsjóði kaupstaðarins, að upphæð 1100 kr., til að borga slökkvitól, er útveguð hafa verið handa kaupstaðnum, þannig, að lán þetta verði endurborgað með 100 kr. á ári og af því greiddir 5 af hundraði í ársvöxtu, ef það eigi getur fengizt með vægari kjörum, hvað vaxtagreiðsluna snertir.

— **Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til barnakennslu á Kjalarnesi. 12**
 — Með brjefi dagsettu 17. f. m. hafa stiptysfirvöldin sent hingað bænarskrá frá 10. febr. hreppsnefndinni í Kjalarneshreppi um 200 kr. styrk úr landssjóði til barnakennslu í